

| | |
|---------|------------------|
| | Hafnarfjarðarbær |
| Innk: | 29/8 2017 |
| Málsnr: | 1708699 |
| Bréfsl: | 570 |

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar
b.t. Umhverfis og framkvæmdaráð
Ráðhús Hafnarfjarðar
Strandgötu 6, 220 Hafnarsíði.

28.08.2017

Pann 21. 08. 2017 var haldinn stjórnarfundur í félagi frístundahúsa í Sléttuhlíð þar sem stjórnin tók fyrir

Málefni: Varðandi umferð hesta á akvegi að sumarhúsasvæði í Sléttuhlíð.

Ítrekun á erindi sem áður var lagt fyrir bæjarráð haustið 2014.

Fjölmargir eigendur frístundahúsa í Sléttuhlíð hafa haft samband við stjórn Félags sumarhúsaeigenda í Sléttuhlíð og óskað eftir að félagið komi á framfæri við bæjaryflrvöld í Hafnarsíði athugasemdum vegna þess að Hafnarfjarðarbær hefur gefið leyfi (24.09. 2014) fyrir blandaðri umferð bila og hesta á akveginum inn á sumarhúsasvæði í Sléttuhlíð.

Áður hefur verið beðið um bann við umferð hesta inn á akveginn í Sléttuhlíð af Félagi sumarhúsaeigenda í Sléttuhlíð. Vorið 2014 var sett upp skilti sem bannaði umferð hesta um akveginn. Skiltið var fjarlægt eftir samþykkt umhverfis og framkvæmdaráðs Hafnarfjarðar 24.09.2014, án alls samráðs við Félag sumarhúsaeigenda í Sléttuhlíð, sjá fundargerð umhverfis og framkvæmdaráðs Hafnarfjarðar 24.09.2014.

Umhverfis og framkvæmdaráð Hafnarfjarðar gaf á þeim tíma leyfi fyrir að skiltið væri tekið niður "meðan verið væri að framkvæma reiðleiðina ofan Sléttuhíðar samkvæmt deiliskipulagi" og leyfði þar með aftur blandaða umferð hesta og ökutækja. Síðan eru liðin 3 ár og með hverju árinu eykst umferð hesta um svæðið.

Í sumar hefur alveg keyrt um þverbak hvað umferð hesta varðar. Mjög aukin umferð er um þennan veg frá því sem áður var. Stórir hópar frá Íshestum fara nokkrum sinnum á dag um veginn, í hverri ferð fara um það bil 30-40 hestar með ferðamenn á baki frá fyrirtækinu. Auk þess nota félagar úr hestamannafélaginu Sörla akveginn. Mikill gróður og mörg blind horn hafa auk þess myndast á veginum vegna óhefts gróðurs sem vaxið hefur mjög mikið sl. ár á þessu svæði.

Af þessu hlýst mikil slysahætta, eins og fólk í einu sumarhúsinu horfði á í júlí sl. Þar lá við stórslysi er bill keyrði akveginn á blindu horni, með þeim afleiðingum að hrossin fældust. Parna munaði aðeins hársbreidd á því að stórslys yrði. Fjölmargir hestar hrösuðu og duttu nokkrir hestamenn af baki. Umræddur vegur þar sem þetta atvik gerðist er skv. deiliskipulagi frá 2006 skilgreint sem akvegur.

Hvort síðk blöndun umferðar samrýmist umferðarlögum skal látið ósagt, en óskað er eftir því að umhverfis og framkvæmdaráð Hafnarfjarðarbæjar leiti umsagnar Samgöngustofu, Umferðarstofu eða annarra þar til bærra aðila um það hvort í lagi sé að hestar og bilar séu á sama vegi sem er skilgreindur er sem akvegur samkvæmt deiliskipulagi, með tilheyrandi slysahætta.

Málið er brýnt og löngu tímabært að umhverfis og framkvæmdaráð Hafnarfjarðarbæjar ihugi ábyrgð sína á því að leyfa þessa blönduðu umferð, þar sem við stórslysi lá í sumar á þessum vegi.

Óskum við í stjórn Félags sumarbústaðaeigenda í Sléttuhlíð því eftir að skilti verið sett upp að nýju um bann við reiðhestum á akveginum inn í sumarbústaðasvæði Sléttuhlíðar og reiðvegir verði teknir í gagnið af Hestamannafélaginu Sörla og íhestum sem liggja viðsvegar á svæðinu.

Með vinsemd og virðingu.

Sigurður Óli Sigurðsson formaður Félags sumarhúsaæigenda í Sléttuhlíð
netfang: siggi@aleign.is

Katrín H. Árnadóttir meðstjórnandi

netfang: info@ecospira.is

Stefanía G. Ámundadóttir meðstjórnandi

netfang: hafnarfjordur@live.com

Guðmundur Harðarson meðstjórnandi

netfang: gummihardar@gmail.com

Pétur Vilberg Guðnason meðstjórnandi

netfang: petur@strendingur.is

Afrit:

Samgöngustofa: samgongustofa@samgongustofa.is

Bæjarstjóri Hafnarfjörðar : hlh@hafnarfjordur.is